



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur # 31

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: 24.03.2021 kl. 12:00

Mætt eru: Alexandra, Bjarni, Ragnar, Kristjana, Þórhildur Sirrý, Ólafur Olga

Fundarritari: Alexandra

Stjórnarmeðlimir:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓ)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is

Dagskrá fundar 24.03:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Könnun og stefnumótunarfundur
3. Undirbúningur fyrir aðalfund 21. apríl
4. Fréttir úr starfinu
5. BREEAM samningur og IS appendix
6. Dagur Grænni byggðar
7. Staða framkvæmdastjóra

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.



2. Könnun og stefnumótunarfundur

- Stefnumótunarfundur fór fram 17. mars þar sem aðilar fengu tækifæri til að koma skoðun sína og hugmyndum á framfæri.
- 14 tóku þátt í könnun (u.þ.b. 10% svarhlutfall) og 3 tóku þátt í stefnumótunarfundi
- Þátttaka var ekki hlutfallslega mikil (fundarboð sent út á rúmlega 130 félagi), sem gefur á einhvern hátt til kynna ánægju með hugmyndir GB og upplegg. Ágætt að fá endurgjöf á starfsemi, en ekki æskilegt að skorða stefnuna um of ef ekki er verið að kallað eftir því.
- Ragnar útbýr tillögur, m.a. að starfsemi næsta árs sem lögð verður undir stjórn á næsta stjórnarfundum. Einnig varðandi verkefni, t.d. að halda áfram með umsókn í WGBC, göngum frá BREEAM, mótum siðareglur o.s.frv.

3. Undirbúningur fyrir aðalfund 21. apríl

Fyrirkomulag fundar var rætt. Líklegt að fundurinn muni þurfa að vera rafrænn. Kanna þarf fyrirkomulag rafræns fundar til að taka við atkvæðum. Einn fulltrúi er sendur frá hverjum aðildafélaga. Tilnefningar til stjórnar þurfa að berast fyrir ákveðinn tíma. Þórhildur bókar fundarstjóra og hugsanlegt erindi frá HMS inn á fundinn.

Ársreikningur er alveg að verða tilbúinn. Ársskýrsla er í bígerð en fréttabréf verða nýtt þar. Olga, Kristjana og Bjarn eru í kosningu og hugsa málið. Nokkrir aðilar hafa sýnt áhuga á meiri þátttöku í starfsemi Grænnar byggðar. Ræddar voru vangaveltur um þátttöku HMS eða Reykjavíkurborg í stjórn félagsins.

4. Fréttir úr starfinu

- Norrænt samstarf – nokkur webinar framundan og fundir.
- Byggjum grænni framtíð – góð vinna að baki, mikill áhugi og góð þátttaka á vinnustofum.
- OR fyrirlestur – fyrirlestur um hringrásarhagkerfið 23.3 og góðar umræður. Haust e.t.v. fyrirlestur um orkunotkun í byggingum.
- Orkuskipti á framkvæmdastað – fundur á vegum Landsvirkjunar, GB, HMS, líklega í maí.
- Verkefnastyrkir: UAR styrkur, ekki frá Loftslagssjóði, og Cirkon verkefni komið í fasa 2.
- Naglar í „heimsókn“ á föstudag, gott að halda traustu sambandi við háskólasamfélagið
- Aðildagjöld eru að koma inn núna
- Fundur með BM Vallá – eftirfylgni
- 29. apríl hugsanlega fundur með lðunni fræðslusetur, kemur í ljós.
- Fyrirspurn frá HönnunarMars sem verður e.t.v. í maí – smíður hefur haft samband um að byggja hús úr endurunnu efni.



5. BREEAM samningur og IS appendix

Eftir er að ganga frá samning BREEAM við GB, áður en það gerist þarf t.d. greinargerð um stöðu markaðar, áhættur, veikleika, styrkleika, áætlun, skráningar í CEEQUAL og BREEAM, áætlun um námskeið o.s.frv.. Þórhildur lýkur við greinargerð. Gera má ráð fyrir þónokkrum kostnaði á fyrstu árum. Þetta þarf að vinna með nýjum framkvæmdastjóra.

6. Dagur Grænni byggðar

Dagsetning hefur verið færð 2. september. Nefnd hefur verið að skoða **hvata**; sveitarfélög, byggingaraðilum, hönnum og fjármálahliðum. Verið er að hafa samband við ýmsa aðila núna og nefndin heldur áfram skipulagningu.

7. Staða framkvæmdastjóra

Þórhildur, framkvæmdastjóri GB, hefur sagt upp starfi sínu með bréfi dags. 4. mars 2021. Búið er að útbúa auglýsingu og var inntak hennar rætt. Gott að auglýsa eftir einstaklingi með brennandi áhuga og menntun sem nýtist í starfi. Ákveðið að setja auglýsingu af stað strax – m.a. á facebook og á Alfreð, auglýsingafrestur 15. apríl. Stjórn fer saman yfir innsendar umsóknir.

Fundi slitið 13:05